

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema kr. 16.000.00 (12.000.00 + 4.000.00). Með vísan til þess, sem að framan er rakið, ber stefnda að bæta $\frac{3}{4}$ hluta þess eða kr. 12.000.00. Ber honum að greiða fé þetta með 6% ársvöxtum, svo sem krafizt er, og reiknast vextirnir frá stefnudegi, 27. nóvember 1950.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.200.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Einari Eyfells verkfræðingi og Páli Sigurgeirssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Stefndi, Egill Vilhjálmsson h/f, greiði stefnanda, Hans Adamssen, kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. nóvember 1950 til greiðsludags og kr. 2.200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Priðjudaginn 27. okt. 1953.

Nr. 37/1953. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson)

gegn

Gunnlaugi Jóhannessyni (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hjálmar Vilhjálmsson sýslumaður kvað upp héraðsdóminn.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að í stað sektar ákærða komi varðhald 30 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að varðhald 30 daga komi í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnlaugur Jóhannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Norður-Múlasýslu 5. jan. 1953.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðherra af ákærvaldsins hálfu gegn Gunnlaugi Jóhannessyni verkamanni, til heimilis að Litla-Bakka, Bakkagerði, Borgarfjarðarhreppi, hér í sýslu, til refsingar fyrir bruggun áfengis og sölu samkvæmt áfengislögum nr. 33 frá 1935, 6. gr. og 15. gr., sbr. 30. gr. og 33. gr., ennfremur til að sæta upptöku bruggs og bruggunartækja samkvæmt 7. gr. nefndra laga svo og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er fæddur 3. apríl 1884. Hann hefur sætt 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, skilorðsbundið, fyrir líkamsmeiðingar samkvæmt dómi aukaréttar Seyðisfjarðarkaupstaðar 12. ágúst 1925.

Hinn 14. ágúst s. l. fór fram að fyrirlagi sýslumanns Norður-Múlasýslu leit að ólöglegu áfengi og bruggunartækjum á heimili ákærða, Gunnlaugs Jóhannessonar, að Litla-Bakka í Bakkagerðiskauptúni í Borgarfjarðarhreppi. Við leitina, sem ákærði var fyrir sitt leyti samþykkur að færi fram, fannst þetta:

Í kjallara: 1. Tunna, full af áfengi í gerjun.

2. Kútur með sama.

3. Kútur, fullur af vatni og í honum mjó koparrör í bugðum, og gekk annar endi þeirra út um staf í kútnum, skammt frá botni.

4. Koparrör, bogið með gúmmíslöngu á öðrum enda.

5. Flaska með litilli lögg af glærum vökva, sem áfengisþef lagði af.

Í íbúð: 6. Hitapoki með vökva, sem áfengisþef lagði af, og annan tóman, sem úr var svipaður þefur.

7. Flaska með ljósleitum vökva, svipuðum útlits og það, sem var í áðurnefndri tunnu og kút í kjallaranum.

Sýnishorn voru síðan tekin af bruggi þessu, merkt og send rann-

sóknarstofu Háskólans með bréfi sýslumanns, dags. 18. ágúst s. l., og þess beiðst, að áfengisinnihald sýnishornanna yrði rannsakað.

Samkvæmt bréfi Atvinnudeildar Háskólans, dags. 28. ágúst. s. l., var niðurstaða rannsóknarinnar þessi:

Sýnishorn A, tekið úr tunnu,	alcoholinnihald	16.60 vol %
" B, tekið úr kút	"	13.60 vol %
" C, var í flöskunni	"	12.80 vol %
" D, tekið úr hitapoka	"	15.40 vol %
" E, var í flöskunni, en of litið til þess að hægt væri að		

ákveða alcoholinnihald þess, en af því var greinileg alcohollykt, segir í vottorði Atvinnudeildarinnar.

Ákærði viðurkennir að hafa byrjað bruggun síðastliðinn vetur, þ. e. veturinn 1951—1952, og síðan hafi hann af og til bruggað. Hann kveðst hafa notað vatn, rúgmjöl, sykur og kartöflur við bruggunina. Hann segist aldrei hafa eimað þetta brugg sitt, en viðurkennir þó, að hann hafi ætlað að eima bruggið, sem hann átti og fannst við leitina. Ákærði neitar því fastlega að hafa nokkurn tíma selt brugg sitt, en segist hafa bruggað handa sjálfum sér, honum hafi batnað í maganum við að drekka bruggið. Einstöku sinnum hafi hann gefið kunningjum sínum með sér.

Nokkur vitni telja ákærða hafa selt sér öl og „landa“.

Vitnið Eiður Pétursson segist hafa keypt áfengi af ákærða fyrsta sinn fyrir einum 5 árum. Vitnið telur vinkaup sín hjá ákærða hafa verið í smáum stíl, en bæði hafi verið um öl og „landa“ að ræða. Síðast keypti vitnið áfengi af ákærða um mánaðamótin maí og júní s. l., eina flösku, en allt í allt telur vitnið sig hafa keypt 3 flöskur af ákærða á þessu ári og hafi það allt verið „landi“. Síðast segir vitnið, að verðið hafi verið kr. 100.00 fyrir flöskuna, en í vetur hafi verðið verið kr. 75.00.

Vitnið Jón Björgvin Þorsteinsson vissi fyrst um bruggun ákærða á síðastliðnum vetri. Vitnið kveðst hafa keypt áfengi af honum og hafi það verið öl, eina flösku snemma síðastliðið vor og 2 flöskur fyrir ca. 10 dögum, þ. e. snemma í ágúst s. l., verðið hafi verið kr. 20.00 fyrir hverja flösku, en allt voru þetta þriggja pela flöskur.

Vitnið Gunnar Sigurgeir Bóason heyrði talað um, að ákærði bruggaði áfengt öl fyrir ca. 7 árum. Í júní s. l. kveðst hann hafa keypt fyrir annan mann, Jón Jóhannes Sigurðsson, eina flösku af „landa“ af ákærða og hafi hann dregið flösku þessa undan koddá í rúmi sínu og kostaði sú flaska 100 krónur. Vitnið kveðst hafa haft ráð á bíl og hafi þá stundum komið fyrir í sambandi við hátíðir og samkomur, að vitnið ók mönnum í bílnum heim til ákærða til þess að kaupa „landa“ eða öl af honum, sem síðan var drukkið af mönnum þeim, sem með vitninu voru í bílnum. Segir vitnið, að sumir þessara manna hafi sagt sér, að flaskan af landa hafi kostað 100 krónur, en af ölinu kr. 40.00.

Eins og áður greinir, hefur ákærði neitað að hafa selt brugg sitt og segir framburð nefndra vitna ósannindi að þessu leyti, en viðurkennir þó að hafa látið Jón Björgvin Þorsteinsson hafa öl, en segist ekki hafa selt honum það, þar hafi verið um gjöf að ræða.

Ýmis fleiri vitni hafa verið leidd í máli þessu.

Vitnið Bjarni Sveinsson segir ákærða hafa komið til sín síðastliðið vor með flösku af áfengi, sem vitnið taldi vera brugg og ekki ósvipað brennivíni. Virðist vitnið telja flösku þessa endurgjald fyrir nokkur kíló af kjöti, sem það lét ákærða fá. Um þetta segir ákærði, að áfengið, sem hann lét fyrir kjötið, hafi hann fengið hjá kunningja sínum, en kveðst þó ekki muna, hvaða kunningi hans þetta var. Þetta vitni segist einnig oft hafa drukkið öl heima hjá ákærða, en aldrei greitt neitt fyrir það.

Vitnið Bjarni Steinsson segist aldrei hafa keypt áfengi af ákærða, en tvisvar hafa bragðað hjá honum vökva, sem kalla mætti öl. Ekki kveðst þetta vitni geta neitað því að hafa heyrt orðróm um það, að ákærði fengist við bruggun.

Vitnið Einar Sveinsson segist einu sinni hafa drukkið nokkur glös af öli heima hjá ákærða, en kveðst í fyrstu ekki vita um neinn, er keypt hafi áfengi af honum. Síðar viðurkennir vitni þetta að hafa verið viðstatt „landa“-kaup Eiðs Péturssonar hjá ákærða s. l. vor, sem áður eru nefnd.

Vitnið Áskell Torfi Bjarnason telur sig hafa vitað, að ákærði fékkst við bruggun, en segist aldrei hafa orðið var við áfengissölu hjá honum, en kveðst hafa heyrt orðróm um, að hann seldi áfengi. Einu sinni eða oftast hefur vitnið smakkað áfengi hjá ákærða, sem hann bruggaði sjálfur, og hafi verið öl.

Vitnið Þórhallur Bjarnason vissi um áfengisbrugg ákærða, en veit ekki til, að hann hafi selt áfengi, en hefur samt heyrt orðróm um það. Öl segist vitnið hafa bragðað hjá ákærða, sem hann bruggaði, bæði í fyrri sumar og nú í sumar.

Vitnið Sigmar Jóhann Ingvarsson kveðst ekki vita til að ákærði hafi selt áfengi, en kveðst hafa heyrt s. l. vor, að hann fengist við bruggun.

Vitnið Ragnar Nikulásson kveðst hafa heyrt, að ákærði fengist við brugg og seldi „landa“ og muni vera dýrseldur, en sjálfur segist hann aldrei hafa keypt af honum og að hann viti ekki um neina, sem það hafi gert.

Vitnið Jón Jóhannes Sigurðsson kannast ekki við, að Gunnar Sigurgeir Bóason hafi keypt fyrir sig „landa“-flösku hjá ákærða. Vitnið segir, að hann hafi nokkrum sinnum gefið sér öl að drekka, er það kom heim til hans og einnig stundum gefið sér öl á flösku með sér, er það fór frá honum, en segist aldrei hafa keypt af honum áfengi. Vitnið kveðst hafa verið í bíl með Gunnari Sigurgeir o. fl. og hafi þá meðal annars verið drukkið áfengi, sem ákærði gaf vitninu.

Vitnin Ólafía og Margrét Ágústa Halldórsdætur segja ákærða hafa komið í Snotrunes með áfengi og veitt þeim Eiði Péturssyni og Einari Sveinssyni og álíta vitnin, að það væri bruggað af ákærða sjálfum.

Loks segir vitnið Sigurður Bóason, að 29. júní s. l. hafi ákærði boðið sér inn til sín og þá gefið sér móleitan vökva, sem vitnið áleit vera brugg.

Samkvæmt vottorði Atvinnudeildar Háskólans reyndist alcoholinnihald vökvasýnishornanna, sem tekin voru af bruggi ákærða við húsleitina 14. ágúst s. l., 12.80 vol % til 16.60 vol %, og þar sem nær öll vitnin, sem bragðað hafa drykki þá, sem ákærði bruggaði, tala um áfenga drykki, ýmist áfengt öl eða „landa“, þykir ekki varhugavert að telja fram komnar lögfullar sannanir fyrir því, að ákærði hafi á síðasta ári bruggað eða búið til áfenga drykki eða áfengisvökva. Með þessu athæfi hefur hann brotið gegn 6. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1938 og varðar það hann refsingu samkvæmt 30. gr. sömu laga.

Gegn eiðfestum framburði vitnanna Eiðs Péturssonar, Jóns Björgvins Þorsteinssonar og Gunnars Sigurgeirs Bóasonar, sem öll telja sig beinlínis hafa keypt „landa“ eða áfengt öl af ákærða, virðist neitun hans eigi fá staðizt um, að hann hafi aldrei selt nokkrum manni af bruggi sínu. Með umræddri áfengissölu hefur ákærði einnig brotið gegn 15. gr. áfengislaga og varðar það hann refsingu samkvæmt 33. gr. sömu laga.

Með hliðsjón af umræddri áfengissölu og hinu mikla vökvamagni, sem ákærði hafði í áfengisgerjun, er húsleitinn fór fram hinn 14. ágúst s. l., verður að telja, að áfengisbruggun ákærða hafi a. m. k. að nokkru leyti verið ætluð til sölu fyrir borgun.

Fyrir nefnd áfengislagabrot þykir ákærði hafa unnið til refsingar, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðin 15 daga varðhald og 3000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt 7. gr. áfengislaga skulu upptæk og eign Menningarsjóðs ílát og tæki, sem notuð voru við bruggunina og nú eru í vörzlum hrepptjóra.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til Erlends Björnssonar héraðsdómslögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Jóhannesson, sæti 15 daga varðhaldi og greiði 3000 króna sekt til Menningarsjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Upptæk eru og eign Menningarsjóðs tæki og ílát, sem notuð voru við bruggunina.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Erlends Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 1000.00. Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. október 1953.

Nr. 67/1953. **Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson** (Jón N. Sigurðsson)
 gegn
Björgu Pétursdóttur (Einar B. Guðmundsson).
 Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar**.

Skýring á 8. gr. erfðalaga nr. 42/1949.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. maí 1953, krefjast þess að dæmt verði, að þeir séu einkaerfingjar arflátans Helgu Halldórsdóttur, en hvor málsaðilja verði látinn bera sinn kostnað af málinu.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjendum dæmt að greiða stefndu málskostnað í Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur Bentína Þorkelsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir og Kristinn Þorkelsson greiði stefndu, Björgu Pétursdóttur, kr. 1500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.